

Ársfundur Norðurá bs.

Árs- og eigendafundur Norðurá bs. haldinn á Hótel Blönduós 31. mars 2010 kl: 14:00

Mættir voru undirritaðir.

Dagskrá

1. Fundarsetning og starfsmenn fundar skipaðir.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2006.
4. Samningur við Flokkun Eyjafjörður ehf.
5. Urðunarstaður að Sölvabakka
6. Kosningar.
7. Önnur mál.

1. Fundarsetning og starfsmenn fundar skipaðir

Magnús Jónsson setti fund og skipaði starfsmenn fundarins án athugasemda, þá Valgarð Hilmarsson fundarstjóra og Einar E Einarsson fundarritara.

2. Skýrsla stjórnar.

Magnús Jónsson flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir því helsta sem gert hefði verið vegna uppbyggingar á nýjum urðunarstað í landi Sölvabakka á árinu 2009. Helstu verkefni ársins hafa tengst vinnu og hönnun á staðnum, gerð Umhverfismatskýrslu, skipulagsmál og vinna við samning um móttöku á sorpi frá Flokkun Eyjafjörður ehf.

3. Ársreikningur 2009

Margeir Friðriksson sviðstjóri fjármálasviðs hjá Sveitarfélaginu Skagafirði kynnti fyrirbyggjandi ársreikning ársins 2009 fyrir Norðurá bs., undirritaður af Kristjáni Jónssyni hjá KPMG. Í ársreikningum kemur fram að engar rekstartekjur voru á árinu 2009 en sveitarfélögin sem aðild eiga að verkefninu lánuðu 18 milljónir til rekstursins. Tap á rekstri félagsins árið 2009 var 24.126.712 kr.

Að umræðum loknum var ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

4. Samningur við Flokkun Eyjafjörður ehf.

Magnús Jónsson fór ýtarlega yfir fyrirbyggjandi samning við Flokkun Eyjafjörður ehf., en að flokkun Eyjafjörður ehf standa 8 sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu með

samtals 23.983 íbúa. Samningurinn hefur þegar verið undirritaður af stjórn Norðurá bs. með fyrirvara um samþykki eigendafundar og einnig hefur hann verið undirritaður af forsvarmönnum Flokkun Eyjafjörður ehf.

Að umræðum lokunum var samningurinn samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

5. Urðunarstaður að Sölvabakka.

a) Verkáætlun.

Magnús fór yfir næstu skref en hönnun urðunarstaðarins er á lokastigi en áætlað er að bjóða gerð urðunarhólfsins með öllu sem því tilheyrir út um miðjan apríl. Deiliskipulag er komið í skipulagslega meðferð hjá Blönduósbæ og áfram verður unnið að kaupum á vigt og aðstöðuhúsi fyrir starfsmenn ásamt lagfæringum á núverandi Efri byggðarvegi. Markmiðið er að hefja urðun í lok ágúst eða byrjun september á þessu ári.

b) Rekstrarkostnaður.

Magnús gerði grein fyrir áætluðum stofn- og rekstrarkostnaði staðarins. Áætlaður stofnkostnaður héðan í frá er áætlaður 342 milljónir en vonir eru bundnar við að útboð lækki áætlaðan stofnkostnað. Einnig greindi hann frá því að Lánasjóður sveitarfélaga hefði staðfest með bréfi dagsettu 29. mars að lána 380 milljónir til Norðurá bs. Skilyrði er ábyrgð eigenda á láninu ásamt veði í tekjum þeirra sem trygging fyrir ábyrgðinni og ennfremur að félagið verði eingöngu í eigu opinberra aðila þar til lánið er að fullu greitt.

Samþykkt að senda sveitarfélögunum lánsloforðið til formlegrar staðfestingar.

6. Kosningar

Samkvæmt Stofnsamningi Norðurá bs. á að kjósa stjórn á ársfundi félagsins. Fyrir liggur tillaga um að núverandi stjórn verði óbreytt var hún samþykkt samhljóða en stjórnina skipa þá Magnús B. Jónsson, Einar E Einarsson, og Vignir Kjartansson.

7. Önnur mál

Enginn

Fundi slitið kl: 15:30.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.



Mættir fulltrúar á fundinn samkvæmt lista sem gekk:

Einar E Einarsson, Sveitarfélagið Skagafjörður.

Vignir Kjartansson, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Margeir Friðriksson, Sveitarfélaginu Skagafjörður.

Ágúst Þór Bragason, Blönduósbæ.

Arnar Þór Sævarsson, Blönduósbæ.

Adolf H. Berndsen, Skagaströnd

Valgarður Hilmarsson, Blönduósbæ.

Valdimar Guðmannsson, Blönduósbæ

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Valgeir Karlsson, Skagabyggð.

Rafn Sigurbjörnsson, Skagabyggð.

Gísli Árnason, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Magnús B. Jónsson, Sveitarfélagið Skagaströnd.